

FUNDARGERÐ

120. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, miðvikudaginn 22. desember 2004 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Áheyrnarfulltrúi foreldra mætti ekki.

Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Grunnskólinn

Á fundinn er mætt Guðrún Pétursdóttir aðstoðarskólalastjóri.

1. Skólanámsskrá

Guðrún gerði grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á skólanámsskrá. Foreldraráð hefur fengið námskrána til umfjöllunar en hefur ekki skilað umsögn.

Skólanefnd hvetur til að almenni hluti skólanámsskrár verði tilbúinn að vori eins og lög gera ráð fyrir þó að námshlutinn komi ekki út fyrr en að hausti.

Skólanefnd samþykkir skólanámsskrá fyrir sitt leyti.

2. Fjárhagsáætlun 2005

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun er gert ráð fyrir um 77,3 millj. kr. til reksturs grunnskólans á árinu 2005 sem er um 7% hækkun frá árinu 2004. Sveitarstjóri upplýsir að útlit sé fyrir að sveitarstjórn þurfi að skera framlagið niður í um 75 millj. kr.

Skólanefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og hvetur sveitarstjórn til að reyna að komast hjá niðurskurði á fjárframlagi til grunnskólans.

3. Sérdeild Gaulverjabæjarskóli

Skólanefnd lýsir stuðningi við áformin sem kynnt eru en sveitarstjórn hefur þegar ákveðið þátttöku í verkefninu ef af verður.

4. Bréf sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 9. desember 2004

Lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál

Bréf Menntamálaráðuneytis dags. 10. desember 2004 þar sem kynntir eru prófdagar samræmdra prófgreina vorið 2005.

Guðrún yfirgefur fundinn.

II. Leikskólinn

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólalastjóri.

1. Fjárhagsáætlun 2005

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun er gert ráð fyrir um 15,2 millj. kr. til reksturs leikskólans á árinu 2005. Sveitarstjóri upplýsir að útlit sé fyrir að sveitarstjórn þurfi að skera framlagið niður í um 14,5 millj. kr.

Skólanefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og hvetur sveitarstjórn til að reyna að komast hjá niðurskurði á fjárframlagi til leikskólans.

2. Önnur mál

Aðalheiður gerir grein fyrir að eftirtaldar hafi verið kosnar í stjórn foreldrafélags leikskólans: Guðrún María Jóhannsdóttir, Hildigunnur Gísladóttir og Anna S. Árnadóttir. Guðrún María verður áheyrnarfulltrúi á fundum skólanefndar.

Aðalheiður yfirgefur fundinn.

III. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólalastjóri

1. Fjárhagsáætlun 2005

Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun er gert ráð fyrir um 7,3 millj. kr. til reksturs tónskólans á árinu 2005. Í áætluninni er m.a. gert ráð fyrir 25% afslætti á skólagjöldum á vorönn vegna röskunar á

starfsemi. Sveitarstjóri upplýsir að útlit sé fyrir að sveitarstjórn þurfi að skera framlagið niður í um 7,0 millj. kr.

Skólanefnd samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og hvetur sveitarstjórn til að reyna að komast hjá niðurskurði á fjárframlagi til tónskólans.

Kristín yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:40.

_____ Sigrún Guðmundsdóttir	_____ Þorgerður Einarsdóttir Formaður	_____ Bergþóra Ástþórsdóttir
_____ Ragnheiður Högnadóttir	_____	_____ Andrína Erlingsdóttir